

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2013

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd fyrir fyrsta ársfjórðung 2013 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 5,6 ma.kr. í ársfjórðungnum samanborið við 15,1 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur af vöruskiptum við útlönd var 25,6 ma.kr. og 0,6 ma.kr. af þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hinsvegar neikvæður um 20,7 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var hagstæður um 14,4 ma.kr. samanborið við óhagstæðan um 4,0 ma.kr. fjórðunginn á undan.

Halli á þáttatekjum er eins og áður að miklu leyti vegna innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 14,2 ma.kr. og tekjur um 5,3 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð nema 8,9 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa þeirra er því óhagstæður um 11,9 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.597 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 12.846 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 8.249 ma.kr. og hækka nettóskuldir um 31 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.617 ma.kr. og skuldir 3.071 ma.kr. og var hrein staða því neikvæð um 453 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 37 ma.kr. á milli ársfjórðunga.

Bein fjárfesting

Tölur um beina fjárfestingu fyrir árið 2012 hafa verið endurskoðaðar í samræmi við nýjustu upplýsingar. Einnig hafa Seðlabankanum borist nýjar upplýsingar um uppstokkun á fjárhag stórs alþjóðlegs fyrirtækis sem fram fór á fjórða ársfjórðungi síðasta árs. Heildaráhrif þessara endurskoðana á stöðu fjármunaeignar Íslendinga erlendis í lok síðasta árs eru um 256 ma.kr. til hækkunar á fyrri áætlun. Áhrifin á beina fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi eru 298 ma.kr. til lækkunar á eign þeirra en hún nam 1.298 ma.kr. við lok síðasta árs. Á heildina litið batnar hrein erlend staða þjóðarbúsins um 554 ma.kr. við þessar breytingar miðað við síðustu birtingu á erlendri stöðu þjóðarbúsins.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>

Undirliggjandi erlend staða

Athygli er vakin á því að í dag er einnig birt á vef Seðlabanka Íslands greining á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	<u>2012, I</u>	<u>2012, II</u>	<u>2012, III</u>	<u>2012, IV</u>	<u>2013, I</u>
Viðskiptajöfnuður	-45,6	-56,1	33,2	-15,1	5,6
Vöruskiptajöfnuður	18,2	7,0	22,4	27,9	25,6
Þjónustujöfnuður	-5,7	8,2	36,5	-6,8	0,6
Þáttatekjujöfnuður og framlög, nettó	-58,1	-71,3	-25,7	-36,2	-20,7
Fjármagnsjöfnuður	16,6	55,6	-78,4	5,8	-11,9
Fjármagnshreyfingar án forða	-105,0	-24,2	-403,1	-11,6	-22,2
Erlendar eignir, nettó	76,6	264,9	-401,1	80,8	-12,8
Erlendar skuldir, nettó	-181,6	-289,1	-2,0	-92,4	-9,4
Gjaldeyrisforði (- aukning)	121,6	79,8	324,7	17,4	10,3
Skekkjur og vantalið, nettó	29,0	0,6	45,2	9,4	6,3
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	-15,2	-20,4	53,5	-4,0	14,4

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	<u>2012, I</u>	<u>2012, II</u>	<u>2012, III</u>	<u>2012, IV</u>	<u>2013, I</u>
Erlendar eignir, alls	4.748	4.313	4.438	4.846	4.597
Bein fjárfesting erlendis	1.518	1.578	1.602	1.569	1.454
Erlend markaðsverðbréf	923	868	902	1.073	1.086
Aðrar fjáreignir en forði	1.331	1.016	1.401	1.664	1.552
Gjaldeyrisforði	977	852	533	540	505
Erlendar skuldir, alls	13.905	13.401	13.329	13.064	12.846
Bein fjárfesting á Íslandi	1.693	1.642	1.674	1.298	1.236
Innlend markaðsverðbréf	2.366	2.279	2.029	1.522	1.490
Aðrar erlendar skuldir	9.847	9.479	9.626	10.244	10.120
Hrein staða við útlönd	-9.157	-9.087	-8.891	-8.218	-8.249
<i>Liðir til skýringar:</i>					
Hrein staða við útlönd án innláns- stofnana í slitameðferð	-898	-909	-1.120	-491	-453

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.